



Borgarráð

Reykjavík, 2. desember 2025
MSS25120006

Framlenging á gildandi samningi Reykjavíkurborgar við Knattspyrnusamband Íslands vegna reksturs Laugardalsvallar

Lagt er til að borgarráð samþykki framlengingu á gildistíma samnings Reykjavíkurborgar við Knattspyrnusamband Íslands vegna reksturs Laugardalsvallar til 1. júní 2026 með nýjum viðauka þar sem framlagið yrði óbreytt þ.e. 6 m.kr. á mánuði. Að óbreyttu mun samningur Reykjavíkurborgar og KSÍ renna út í árslok 2025. Jafnframt er lagt til að á tímabili framlengingar verði skipaður starfshópur til að rýna betur og leggja til framtíðarlausn á málefnum Laugardalsvallar.

Greinargerð:

Í gildi er samningur milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnusambands Íslands um rekstur Laugardalsvallar frá 13. ágúst 2014 og viðauki við þann samning dags. 8. apríl 2021. Reykjavíkurborg greitt árlegt rekstrarframlag vegna vallarins en verðbætt fjárhæð var um 72 m.kr. fyrir árið 2025. Reykjavíkurborg hefur reitt umrætt rekstrarframlag af hendi vegna nánar tilgreindra afnota, m.a. vegna heimaleikja Knattspyrnufélagsins Fram og afnota frjálsíþróttar- og skýlmingafólks. Líkt og kemur fram í erindi sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs liggur fyrir að verulegar breytingar hafa orðið á fyrrgreindum afnotum, Knattspyrnufélagið Fram er hætt að keppa á vellinum og æfinga- og keppnisaðstaða frjálsíþróttafólks hefur verið fjarlægð. Þá stendur til að skýlmingafólk flytji starfsemi sína vegna fyrirhugaðra framkvæmda á jarðhæðinni/Baldurshaga sem eru nauðsynlegar til að leikvangurinn standist alþjóðlegar kröfur um keppnishald landsliða. Afnot á vegum félaga sem njóta stuðnings Reykjavíkurborgar hafa því minnkað til muna og fyrséð að þau verði, að öðru óbreyttu, lítil eða engin. Jafnframt hafa orðið verulegar breytingar á aðstöðu Laugardalsvallar. Ráðist hefur verið í meiriháttar framkvæmdir með það að markmiði að völlurinn gæti staðist kröfur sem gerðar eru til þjóðarleikvangs í knattspyrnu. Þannig er m.a. búið að breyta vallarstæði og leggja nýtt gervigras sem hefur leitt til aukins rekstrarkostnaðar.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Beiðni um heimild til að semja um framlengingu gildandi samning við Knattspyrnusamband Íslands vegna Laugardalsvallarins, dags. 1. desember 2025.



Reykjavík, 1. desember 2025

MIR25110016

Tillaga: beiðni um heimild til að semja um framlengingu gildandi samning við Knattspyrnusamband Íslands vegna Laugardalsvallarins

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Knattspyrnusamband Íslands, kt. 700169-3679 (hér eftir KSÍ) hafa um árábil gert með sér samninga um rekstur Laugardalsvallar. Í dag gildir samningur milli aðila frá 13. ágúst 2014 og viðauki við þann samning dags. 8. apríl 2021.

Á grundvelli gildandi samnings og viðauka hefur Reykjavíkurborg greitt árlegt rekstrarframlag vegna vallarins (verðbætt fjárhæð sem var um 72 m.kr. árið 2025). Reykjavíkurborg hefur reitt umrætt rekstrarframlag af hendi vegna nánar tilgreindra afnota, m.a. vegna heimaleikja Knattspyrnufélagsins Fram og afnota frjálsíþrótt- og skýlmingafólks. Nú liggur fyrir að verulegar breytingar hafa orðið á fyrrgreindum afnotum, Knattspyrnufélagið Fram er hætt að keppa á vellinum og æfinga- og keppnisaðstaða frjálsíþróttafólks hefur verið fjarlægð. Þá stendur til að skýlmingafólk flytji starfsemi sína vegna fyrirhugaðra framkvæmda á jarðhæðinni/Baldurshaga sem eru nauðsynlegar til að leikvangurinn standist alþjóðlegar kröfur um keppnishald landsliða. Afnot á vegum félaga sem njóta stuðnings Reykjavíkurborgar hafa því minnkað til muna og fyrirséð að þau verði, að öðru óbreyttu, lítil eða engin.

Auk breytinga á afnotum hafa orðið verulegar breytingar á aðstöðu Laugardalsvallar. Ráðist hefur verið í meiriháttar framkvæmdir með það að markmiði að völlurinn gæti staðist kröfur sem gerðar eru til þjóðarleikvangs í knattspyrnu. Þannig er m.a. búið að breyta vallarstæði og leggja nýtt gervigras sem hefur leitt til aukins rekstrarkostnaðar.

Forsendur gildandi samnings milli aðila hafa því tekið grundvallarbreytingum og að mati Menningar- og íþróttasviðs er ljóst að aðilar þurfa að endurskoða allar grundvallarforsendur tengdar eignarhaldi, afnotum og rekstri Laugardalsvallar.

Að óbreyttu mun samningur Reykjavíkurborgar og KSÍ renna út í árslok 2025.

Af hálfu Menningar- og íþróttasviðs er því lagt til eftirfarandi að sviðsstjóra verði veitt heimild til að semja um:

- framlengingu á gildistími samnings með viðauka þannig að gildistími verði framlengdur til 1. júní 2026 með nýjum viðauka.
- að á tímabili framlengingar verði skipaður starfshópur til að rýna betur og leggja til framtíðarlausn á málefnum Laugardalsvallar.

Steinþór Einarsson
Sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs



Reykjavík